

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. nóvember 2000.

*Fjármálaráðuneytinu, 11. október 2000.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

---

*Marianna Jónasdóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag íbúðarhúss og bílageymslu í landi Reykjavols, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag íbúðarhúss og bílageymslu í landi Reykjavols í Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 27. september 2000.

Skipulagstillagan tekur til spilldu sem er 9200 m<sup>2</sup> úr landi Reykjavols og gerir ráð fyrir byggingarreitum fyrir eitt íbúðarhús og bílageymslu.

Skipulagssvæðið er austan Efra-Hvols og Ásgarðs.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Mosfellsbæ, 18. október 2000.*

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag frístundahúsasvæðis í landi Ærlækjar í Öxarfjarðarhreppi.

Sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps hefur samþykkt deiliskipulag frístundahúsasvæðis í landi Ærlækjar í Öxarfjarðarhreppi. Skipulagssvæðið er skammt ofan Lundarskóla, syðst í landi Ærlækjar, neðan vegarins heim að Smjörhóli norðan Þangbrandslækjar. Landið er vaxið birkikjarri þannig að lítið kemur til með að sjást á milli húsa. Þegar eru hús á sex lóðum og þau byggð á árunum 1974 til 1990.

Tillagan, uppdráttur og greinargerð voru til sýnis á skrifstofu Öxarfjarðarhrepps, Bakkagötu 10, Kópaskeri, frá og með 30. júní til 28. júlí 2000. Engar athugasemdir bárust. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Byggingarfulltrúi Þingeyinga, 11. október 2000.*

**Gaukur Hjartarson.**